

# Fundargerð 68. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, föstudaginn 29. október kl. 09:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Friðrik Klingbeil Gunnarsson boðaði forföll, varamaður hans Hildigunnur Rut Jónsdóttir mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 67. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 20. september sl., lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð samþykkt samhljóða.*

### 2. Stýrihópur til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum - 2110009SA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir við sambandið að tilnefna í stýrihóp ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs, frjálsra félagasamtaka og annarra mögulegra haghafa sem fær það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum, „Í átt að hringrásarhagkerfi“. Stýrihópurinn mun jafnframt beita sér fyrir því að aðgerðum miði áfram og taka til umfjöllunar álitamál sem upp gætu komið. Skipan í stýrihópinn er samkvæmt aðgerð númer 27 í stefnu ráðherra í úrgangsmálum.

Lagt fram afrit af tilnefningarbréfi, dags. 28. október sl., þar sem Eygerður Margrétardóttir er tilnefnd sem aðalmaður og Steinþór Þórðarson sem varamaður. Vert er að taka fram að einnig óskaði ráðuneytið eftir tilnefningum frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og frá landshlutasamtökum utan höfuðborgarsvæðisins.

*Verkefnisstjórnin bindur miklar vonir við vinnu stýrihóps til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum enda er mikil vinna framundan við að innleiða lagabreytingar er taka eiga gildi 1. janúar 2023.*

### 3. Breytingar framundan vegna nýlegra lagabreytinga - 2009015SA

Viðamiklar lagabreytingar til innleiðingar hringrásarhagkerfisins voru samþykktar 13. júní sl. Með þeim verða umfangsmiklar breytingar á úrgangsstjórnun sveitarfélaga sem flestar koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Sambandið hefur tekið saman helstu þætti lagabreytinganna og áhrif þeirra á hlutverk sveitarfélaga

í úrgangsstjórnun og birti í 2. tbl. Sveitarstjórnarmála 2021.

Í júní tók einnig gildi stefna umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs „í átt að hringrásarhagkerfi“ og ber sambandið ábyrgð á tveimur af 27 aðgerðum sem þar eru settar fram, annars vegar greiningu á breyttri innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs og hinsvegar handbók um úrgangsstjórnun.

Verkefnisstjóri og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsvið sambandsins greindu frá stöðu ýmissa mála sem snerta lagabreytingarnar og kynntu tillögur að aðgerðum sem er ætlað að styðja sveitarfélögin í að innleiða þessar breytingar, dags. 29. október. Einnig voru lögð fram til kynningar og umræðu drög að bréfi verkefnisstjórnar til Úrvinnslusjóðs vegna breytinga á framleiðendaábyrgð, dags. 27. október.

Verkefnisstjórn samþykkir að senda bréf til Úrvinnslusjóðs enda er mikilvægt að hefja strax vinnu við útfærslu á aukinni framleiðendaábyrgð og kostnaðarpátttöku hennar í verkefnum sveitarfélaga.

Verkefnisstjórn vill einnig vekja athygli sveitarfélaga á að mikilvægt er að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinganna og uppfæra svæðisáætlanir með hliðsjón af þeim og nýlega samþykktri stefnu um meðhöndlun úrgangs. Hún vill vekja sérstaka athygli á að öll útboð sem framundan eru, er varða söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs, þurfa að taka tillit til umræddra lagabreytinga.

#### **4. Forverkefni um brennslumál - 2009109SA**

Forverkefni um hátæknibrennslu til orkunýtingar úrgangs hefur verið í gangi með styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í tengslum við nýlega samþykktu stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Stýrihópur verkefnisins hefur í samstarfi við sambandið staðið fyrir þremur fundum um verkefnið undir heitinu „Skör ofar“. Upptökur frá fundunum eru aðgengilegar á vef sambandsins. Næsti fundur verður 9. nóvember nk.

Fulltrúar stýrihóps verkefnisins sem sitja í verkefnisstjórninni greindu frá stöðu verkefnisins og er mikil vinna í gangi varðandi staðarval, næstu skref og fjármögnun.

Málið verður rætt frekar á næsta fundi

#### **5. Vinna við nýjan samning Úrvinnslusjóðs og SFS um veiðarfæraúrgang - 2009107SA**

Úrvinnslusjóður og Samtök fyrirtækja í sjárvarútvegi (SFS) ásamt nokkrum veiðarfæragerðum hafa unnið að gerð nýs samnings um söfnun og aðra meðhöndlun veiðarfæraúrgangs.

Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs fóru yfir framgang málsins.

Verkefnisstjórn telur ekki tímabært að samþykkja nýjan samning milli Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjárvarútvegi (SFS) þar sem ekki hefur verið tryggt að samningurinn þjóni markmiðum laga um úrvinnslugjald og tryggi ásættanlega meðhöndlun veiðarfæraúrgangs er inniheldur plast. Með slíkum samningi væri SFS

falið að setja upp sérstakt söfnunarkerfi fyrir veiðarfæri er innihalda plast en á sama tíma hafa hvorki fengist skýr svör frá Úrvinnslusjóði né öðrum stjórnvöldum um hver ábyrgð hafna og móttöku- og söfnunarstöðva sveitarfélaga sé þegar kemur að söfnun og meðhöndlun veiðarfæraúrgangs er innihalda plast. Jafnframt er enn óljóst hvaða leiðbeiningar SFS mun veita sjávarútvegi um flokkun veiðarfæraúrgangs og skil til endurvinnslu og annarrar meðhöndlunar. Núverandi leiðbeiningar hafa orðið til þess að aðeins brot af veiðarfæraúrgangi fer í raunverulega endurvinnslu og töluverðu magni er skilað beint inn á móttökusvæði úrgangs innan hafna.

Að mati verkefnisstjórnarinnar er forsenda fyrir samningi að þar til bærir aðilar staðfesti að með slíkum samningi beri SFS alla ábyrgð á umræddum veiðarfæraúrgangi, þar á meðal allri söfnun og meðhöndlun þess úrgangs. Óásættanlegt er að sjávarútvegsfyrirtæki geti skilað veiðarfæraúrgangi beint til hafna eða móttöku- og söfnunarstaða sveitarfélaganna þegar SFS ber framleiðendaábyrgð á veiðarfæraúrganginum. Litlu skiptir hvort tekið er gjald fyrir eða ekki, þar sem kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar á að ná til fjármögnunar á sérstakri söfnun og á flutningi og meðhöndlun þess úrgangs sem fellur undir kerfið. Verkefnisstjórnin vill jafnframt benda á að sveitarfélögin eru í takmarkaðri aðstöðu til að fara fram á uppsögn samningsins ef kæmi til þess að hallaði á sveitarfélögin við meðhöndlun á veiðarfæraúrgangi framvegis. Vakin er athygli á því að framleiðendaábyrgð sem útfærð hefur verið utan Úrvinnslusjóðs, t.d. í gegnum Endurvinnsluna hf. og samning olúfyrirtækja um svartolíu hefur falið í sér að sveitarfélög bera hvorki fjárhagslega né skipulagslega ábyrgð á þeim úrgangi og hið sama ætti að eiga við um veiðarfæri er innihalda plast. Þar sem ekki hefur tekist að staðfesta að með samningi Úrvinnslusjóðs og SFS beri SFS alla ábyrgð á veiðarfæraúrgangi sem inniheldur plast er að mati verkefnisstjórnar eðlilegt að rifta núgildandi samningi og fela Úrvinnslusjóði framleiðendaábyrgð á veiðarfærum er innihalda plast eins og öðrum úrgangsflokkum sem bera framleiðendaábyrgð.

## **6. Spurningakönnun Umhverfisstofnunar um úrgangstölfræði - 2009106SA**

Umhverfisstofnun stendur fyrir könnun á meðal þeirra sem koma að meðhöndlun úrgangs á Íslandi. Könnunin er gerð í tengslum við stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 en aðgerð 21 miðar að bættri úrgangstölfræði. Könnuninni er sérstaklega beint til sveitarfélaga, sorpsamlaga og fyrirtækja sem hafa starfsleyfi fyrir flutning og/eða förgun eða annarri meðhöndlun úrgangs. Einnig til þeirra sem eru úrvinnsluaðilar gagna. Samstarfshópur sambandsins og Umhverfisstofnunar um bættu úrgangstölfræði hefur rætt könnunina á fundum sínum.

Frestur til að svara könnunni er 5. nóvember 2021. Þann 2. nóvember, kl. 12:30-13:00 fer fram stafrænn kynningarfundur um spurningakönnunina.

Verkefnisstjórn hvetur sveitarfélög og sorpsamlög til að svara könnuninni en hún er mikilvægur liður í því að vinna að bættri úrgangstölfræði og þá um leið bættri úrgangsstjórnun.

## **7. Niðurstöður könnunar sambandsins tengd heimsmarkmiði 12 - 2009232SA**

Sambandið stóð fyrir könnun í tengslum við Samstarfsvettang sveitarfélaga um

loftslagsmál og heimsmarkmiðin sem mun gagnast í áframhaldandi vinnu að þróun mælikvarða á sveitarstjórnarstigi fyrir heimsmarkmiðin. Könnunin er jafnframt gerð í ljósi þeirra breytinga sem framundan eru vegna nýlegra lagabreytinga í úrgangsmálum.

Verkefnisstjóri kynnti niðurstöður könnunarinnar. Gögn verða send verkefnisstjórninni þegar þau verða tilbúin.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir áhugaverða kynningu.

#### **8. Fundur með MWE - 2009223SA**

Sambandið er aðili að Municipal Waste Europe (MWE). Þann 21. október sl. var fundur fulltrúa MWE og fulltrúa sambandsins til að ræða ýmsar áherslur í stefnu ESB í málefnum tengdum hringrásarhagkerfinu og úrgangsmálum. Einnig var starfsemi MWE kynnt á fundinum. Fundinn sátu fyrir hönd sambandsins Steinþór Þórðarson, Gunnar Dofri Ólafsson, Guðjón Bragason og Eygerður Margrétardóttir. Fundurinn er hluti af fundaröð MWE með fulltrúum aðildarféлага í ljósi COVID og til að vega upp á móti því að reglulegir staðfundir á vettvangi samtakanna hafa fallið niður.

Fulltrúar sambandsins á fundinum greindu frá honum ásamt því að lögð var fram kynning fulltrúa sambandsins, dags. 21. október.

*Þeir stjórnarmenn sem sátu fund Municipal Waste Europe telja að hann hafi verið gagnlegur og verkefnisstjórnin telur að aðild að samtökunum geti nýst vel í þeim breytingum sem framundan eru í úrgangsstjórnun á landinu.*

#### **9. Önnur mál - 2009111SA**

Næsti fundur stjórnar verður 10. desember nk. í fjarfundi.

Fundi var slitið kl. 11:30

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Steinþór Þórðarson

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson